



# SKÝRSLA PENINGASTEFNUNEFNDAR TIL ALÞINGIS

2019 • 2



# Skýrsla peningastefnunefndar til Alþingis

17. janúar 2020

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands skuli gefa Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári og að ræða skuli efni skýrslunnar í þeirri þingnefnd sem þingforseti ákveður.

Lögin kveða svo á að peningastefnunefnd haldi fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Frá því að síðasta skýrsla var send Alþingi hefur nefndin haldið fjóra reglulega fundi, síðast 11. desember 2019. Eftirfarandi skýrsla fjallar um störf nefndarinnar frá júlí til desember 2019.

## Mótun peningastefnunnar

Eins og kveðið er á um í lögum um Seðlabanka Íslands er meginmarkmið peningastefnunnar að stuðla að stöðugu verðlagi. Þetta markmið er útfært nánar sem 2½% verðbólguþvænting miðað við vísitölu neysluverðs í sameiginlegri yfirlýsingu Seðlabankans og ríkisstjórnar frá 27. mars 2001. Peningastefnunefnd tekur samkvæmt lögnum ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum og skulu ákvarðanir nefndarinnar byggðar á ítarlegu og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahagsmálum eins og það birtist í riti Seðlabankans, *Peningamálum*. Í yfirlýsingum og fundargerðum peningastefnunefndar, sem fylgja þessari skýrslu, er að finna röksemdir fyrir ákvörðunum nefndarinnar á seinni hluta ársins 2019.

## Þróunin frá júlí til desember 2019

Peningastefnunefnd ákvað á fundum sínum í ágúst, október og nóvember að lækka meginvexti bankans<sup>1</sup> (vexti á sjö daga bundnum innlánnum) um samtals 0,75 prósentur en hélt vöxtum síðan óbreyttum á desemberfundinum. Á fyrri hluta ársins höfðu vextir verið lækkaðir um 0,75 prósentur. Meginvextir Seðlabankans hafa því lækkað um 1,5 prósentur á árinu og voru þeir 3,0% í lok desember.

Taumhald peningastefnunnar, mælt með raunvöxtum Seðlabankans, minnkaði á fyrri hluta ársins samhliða því að vaxtalækkunarferlið hófst í maí en breyttist lítið á seinni hluta ársins þar sem nafnvextir bankans lækkuðu í takt við hjöðnun verðbólgu og verðbólguvæntinga. Miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs voru raunvextir bankans 0,6% í lok desember sl. en voru 0,5% í lok júní sl. Raunvextir bankans miðað við

1. Hér er átt við þá vexti sem skipta meginmáli fyrir skammtíavexti á markaði og mæla því best aðhaldsstig peningastefnunnar. Þeir vextir eru nú vextir bankans á sjö daga bundnum innlánnum.


Tafla 1. Vaxtaávarðanir Seðlabanka Íslands á seinni árshefningu 2019 (%)

| Dags.    | Viðskipta-reikningar | Bundin innlán til 7 daga | Veðlán | Daglán |
|----------|----------------------|--------------------------|--------|--------|
| 11. des. | 2,75                 | 3,00                     | 3,75   | 4,75   |
| 6. nóv.  | 2,75                 | 3,00                     | 3,75   | 4,75   |
| 2. okt.  | 3,00                 | 3,25                     | 4,00   | 5,00   |
| 28. ág.  | 3,25                 | 3,50                     | 4,25   | 5,25   |

Mynd 1

### Meginvextir Seðlabanka Íslands<sup>1</sup>

Daglegar tölur 3. janúar 2001 - 31. desember 2019




1. Meginvextir Seðlabankans eru vextir á 7 daga veðlánnum fram til 31. mars 2009, vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabankanum frá 1. apríl 2009 til 30. september 2009, meðaltal vaxta á viðskiptareikningunum og á 28 daga innstæðubréfum frá 1. október 2009 til 20. maí 2014 og vextir á 7 daga bundnum innlánnum frá 21. maí 2014.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 2

### Raunvextir Seðlabanka Íslands<sup>1</sup>

Janúar 2010 - desember 2019




— Raunvextir Seðlabanka Íslands m.v. tólf mánaða verðbólgu  
— Raunvextir Seðlabanka Íslands m.v. meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar<sup>2</sup>

1. Fram til maí 2014 er miðað við meðaltal innlánsvaxta og hámarks vaxta á innstæðubréfum með 28 daga binditíma sem meginvexti bankans en frá maí 2014 er miðað við vexti 7 daga bundinna innlána. 2. Fram til janúar 2012 er miðað við 12 mánaða verðbólgu, verðbólguvæntingar fyrirtækja til eins árs, verðbólguvæntingar heimila til eins árs, verðbólguálag á fjármálamarkaði og spá Seðlabankans um ársverðbólgu eftir fjóra ársfjórðunga. Frá febrúar 2012 er einnig miðað við verðbólguvæntingar markaðsaðila til eins árs samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans. Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd 3


Ávöxtunarkrafa ríkistryggðra skuldabréfa<sup>1</sup>  
2. janúar 2013 - 30. desember 2019



1. Út frá eingreiðsluvaxtaferlum (metnum með aðferð Nelson-Siegel) þar sem er notast við vexti á millibankamarkaði með krónum og vexti ríkistryggðra skuldabréfa.  
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 4

Fjármagnsflæði vegna skráðrar nýfjárfestingar<sup>1</sup>  
Janúar 2017 - desember 2019




1. Fjárfesting sem gerð er hér á landi eftir 31. október 2009 fyrir nýtt innstreymi erlendis gjaldeyris sem skipt er í innlendan gjaldeyri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi. 2. Annað innflæði í mars 2017 kemur nánast að öllu leyti til vegna Kaupa erlendra aðila á eignarhlut í innlendum viðskiptabanka.  
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 5

Gengi krónu og gengisflókt

Daglegar tölur 4. janúar 2010 - 31. desember 2019



1. Verð erlendra gjaldmiðla á krónum. Vinstri ás er andhverfur þannig að styrking krónunnar kemur fram sem hækkun ferilsins. 2. Flókt krónu er 3 mánaða staðalfrávik daglegra breytinga.  
Heimild: Seðlabanki Íslands.

tölf mánaða verðbólgu voru 1% í lok desember sl. en voru að meðaltali 0,4% á seinni hluta ársins.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa tók að lækka undir lok árs 2018 og hélt sú þróun áfram fram í byrjun nóvember sl. Þegar krafan hækkaði tímabundið, líklega að hluta vegna breyttra væntinga um þróun vaxta Seðlabankans. Ávöxtunarkrafa á tíu ára óverðtryggðum ríkisskuldabréfum var 3,4% í lok desember og hefur því lækkað um 0,4 prósentur frá lok júní sl. og var 2,2 prósentum lægri en í upphafi árs. Verðtryggðir langtímavextir hafa einnig lækkað á árinu en ávöxtunarkrafa á verðtryggðum tíu ára ríkistryggðum bréfum var 1,1% í lok desember eða 0,5 prósentum lægri en í upphafi ársins.

Vaxtakjör heimila hafa lækkað á árinu og útlánvöxtur til heimila er enn nokkur. Hins vegar tók munur á vaxtakjörum nýrra útlána viðskiptabanka til fyrirtækja og meginvaxta að aukast undir lok ársins og hægja tók á útlánvexti til fyrirtækja. Viðbúið var að það tæki að hægja á vexti útlána til fyrirtækja í ljósi mikils vaxtar undanfarin ár og í ljósi minnkandi eftirspurnar í hagkerfinu. Auk þess hafa ýmsir þættir í rekstri fjármálastofnana áhrif á aðgengi að lánsfé þ.á m. endurmat þeirra á verðlagningu og áhættu útlána í kjölfar breytinga í rekstrarumhverfi að undanförmu.

Innstreymi fjármagns vegna nýfjárfestingar var tæplega 21 ma.kr. á seinni helmingi ársins og var töluvert minna en á fyrri helmingi ársins þegar það nam tæplega 50 ma.kr. Á sama tímabili nam útlæði fjármagns sem áður kom inn sem nýfjárfesting tæplega 18 ma.kr. Innflæðið á seinni hluta ársins var að mestu leyti vegna hlutabréfakaupa og útlæðið hefur einnig að mestu verið vegna sölu á skráðum hlutabréfum.

Gengi krónunnar lækkaði haustið 2018 í kjölfar fréttu af fjármögnunarfyrirspá flugfélagsins WOW Air og vegna rýrnunar viðskiptakjara. Á sama tíma fór að bera á aukinni svartsýni um efnahagshorfur og niðurstöðu kjarasamninga. Gengið hélt tiltölulega stöðugt á fyrri hluta þessa árs þrátt fyrir gjaldþrot WOW Air og áhyggjur af snörpum viðsnúningi í efnahagsmálum. Á seinni hluta ársins hækkaði gengi krónunnar lítillega og var um 3½% hærra í lok desember en í lok júní sl.

Í takt við yfirlýst markmið Seðlabankans um að beita inngrípum til að draga úr óhóflegum skammtímasveiflum í gengi krónunnar átti bankinn viðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri í tvö skipti á seinni hluta ársins. Bankinn keypti gjaldeyri fyrir 2,4 ma.kr. sem nam um 3% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði á tímabilinu.

Verðbólga hjaðnaði töluvert á seinni hluta ársins og mældist 2,0% í desember sl. Hún er því komin niður fyrir verðbólgu markmiðið og hefur ekki verið minni í tvö ár. Á fyrstu þremur fjórðungum ársins hægði verulega á hækkun húsnæðisverðs. Þrátt fyrir það var húsnæðisliðurinn sá undirliður sem hafði mest áhrif á þróun vísitölu neysluverðs á seinni hluta ársins, einkum vegna verðhækkunar á landsbyggðinni á fjórða ársfjórðungi. Einnig hafði verðhækkun ýmiss konar innfluttrar vöru, einkum húsgagna og heimilisbúnaðar, nokkur áhrif. Ársverðbólga án húsnæðis hefur einnig hjaðnað undanfarna mánuði og mældist 1,7% í desember sl. Undirliggjandi verðbólga var 2,4% í desember miðað við miðgildi ólíkra mælikvarða samanborið við 3,3% í júní 2019.



Framlag hækkunar húsnæðisliðarins til verðbólgu hefur minnkað töluvert frá því í júní sl. Ársþækkun kostnaðar vegna eigin húsnæðis, sem samanstendur af markaðsverði húsnæðis og raunvaxtaþætti, nam 2,3% í desember samanborið við 3,4% í júní sl. Vaxtaþátturinn í reiknaðri húsaleigu hefur dregið úr verðbólgu að undanfögnu vegna lægri raunvaxtakostnaðar húsnæðislaða í kjölfar lækkunar meginvaxta Seðlabankans. Ætla má að vegna þessa hafi ársverðbólga mælst u.þ.b. 0,3 prósentum minni en ella. Framlag innfluttrar vöru til verðbólgu hefur einnig hjaðnað frá því í júní enda hefur gengi krónunnar verið tiltölulega stöðugt á seinni hluta ársins. Ársþækkun verðs innfluttrar vöru náði hámarki í 4,3% í ágúst sl. en hafði hjaðnað í 1,3% í desember. Hins vegar hefur framlag almennrar þjónustu aukist að undanfögnu og skýrir tæpan þriðjung ársverðbólgu sem er svipað og framlag húsnæðisliðarins. Það má einkum rekja til þess að dregið hefur úr verðlækkun símaþjónustu á þessu ári auk þess sem flugfargjöld hafa hækkað en þessir undirliðir hafa lækkað verulega undanfarin ár. Einnig hefur verð á viðhaldi húsnæðis, pakkaferðum og þjónustu veitingastaða hækkað nokkuð á seinni hluta ársins.

Verðbólga mældist að meðaltali 2,5% á síðasta fjórðungi ársins eins og gert var ráð fyrir í nóvemberspá *Peningamála*. Samkvæmt spánni eru horfur á að verðbólga verði við verðbólgu markmiðið á meginhluta spátímans, þótt hún fari lítillega niður fyrir það um tíma á seinni hluta ársins 2020.

Verðbólguvæntingar hafa lækkað á nánast alla mælikvarða síðan síðasta skýrsla peningastefnunefndar var send Alþingi um mitt ár 2019. Samkvæmt nýlegum könnunum eru verðbólguvæntingar markaðsaðila og stjórnenda fyrirtækja til eins árs við verðbólgu markmiðið en heimilin vænta þess að verðbólga verði 3%. Langtímaverðbólguvæntingar markaðsaðila samkvæmt könnunum og verðlagningu skuldabréfa eru einnig við markmið en langtíma væntingar heimila og fyrirtækja eru um 3%. Í lok desember mældist verðbólguálag til fimm og tíu ára um 2,2% sem var rúmlega 1/2 prósentu lægra en í lok júní sl.


Á fundi sínum í desember taldi nefndin rétt að staldra við og sjá hver áhrifin yrðu af þeim aðgerðum sem þegar hefði verið gripið til. Að mati nefndarinnar hefði lækkun vaxta stutt við eftirspurn og miðað við spá bankans ætti núverandi vaxtastig að duga til að tryggja verðstöðugleika til meðallangs tíma og fulla nýtingu framleiðsluþátta.

Í síðustu yfirlýsingu nefndarinnar kemur fram að peningastefnan muni á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagssumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.

Mynd 6

Mæld og undirbyggjandi verðbólga<sup>1</sup>

Janúar 2013 - desember 2019



- VNV
- VNV án húsnæðis
- Miðgildi mælikvarða á undirbyggjandi verðbólgu
- Verðbólgu markmið
- Bil hæsta og lægsta mats á undirbyggjandi verðbólgu


1. Undirbyggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruvíðna, bensins, opinberra þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislaða eru undanskilin) og töfræðilegum mælikvörðum (vegji miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur vísitölu neysluverðs).

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd 7

Innland og innflutt verðbólga<sup>1</sup>

Janúar 2013 - desember 2019



- Vísitala neysluverðs
- Innfluttar vörur (33%)
- Innlendar vörur (14%)
- Húsnæði (21%)
- Almenn þjónusta (24%)
- Verðbólgu markmið


1. Innflutt verðbólga er nálgðu með verði innfluttrar mat- og drykkjarvöru, nýra bíla og varahluta, bensins og annarrar innfluttrar vöru. Tölur í svigum sýna núverandi vægi viðkomandi liða í vísitölu neysluverðs.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd 8

Verðbólguvæntingar

1. ársfj. 2013 - 4. ársfj. 2019



- Fyrirtæki
- Heimili
- Markaðsaðilar
- Verðbólguálag
- Verðbólgu markmið

Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands.

## Ítarefni

Með þessari skýrslu fylgir eftirfarandi ítarefni:

1. Yfirlýsingar peningastefnunefndar frá júlí til desember 2019.
2. Fundargerðir peningastefnunefndar frá júlí til desember 2019.
3. Erindi seðlabankastjóra um fjármálakreppuna, aðgerðir stjórnvalda og endurreisn efnahagslífs á Íslandi á alþjóðlegri ráðstefnu á vegum Seðlabankans á Grand hóteli 12. júlí 2019.
4. Erindi seðlabankastjóra á Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað og í Árborg 12.-19. ágúst 2019 um markmið í starfi Seðlabankans, árangur við stjórn efnahags- og peningamála frá fjármálahruninu 2008 og stórar áskoranir í starfinu framundan.
5. Erindi aðalhogfræðings um þjóðarbúskap við hagsveifluskil hjá Félagi atvinnurekenda 4. september 2019.
6. Erindi seðlabankastjóra „Nýr Seðlabanki – við hverju er að búast?“ á fundi Félags viðskipta- og hagfræðinga 19. september 2019.
7. Erindi seðlabankastjóra um Seðlabankann og sjávarútveginn á Sjávarútvegsdeginum í Hörpu 25. september 2019.
8. Fréttatilkynning um breytingu á gengisskráningu Seðlabankans 9. október 2019.
9. Fréttatilkynning um afmörkun viðskipta lánaþyrirtækja við Seðlabanka Íslands 14. október 2019.
10. Erindi seðlabankastjóra um horfur í efnahagsmálum á fundi í Kviku banka 29. október 2019.
11. Fréttatilkynning um breytingar á reglum nr. 877/2018 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár 4. nóvember 2019.
12. Erindi seðlabankastjóra um stöðu og horfur í efnahagsmálum á Peningamálafundi Viðskiptaráðs á Hilton Hóteli 7. nóvember 2019.
13. Erindi seðlabankastjóra um hagstjórn og fátækt í Háskóla Íslands 19. nóvember 2019.
14. Erindi aðstoðarseðlabankastjóra um stöðu efnahagsmála á Íslandi og horfur næstu ára á fundi Samiðnaðar 19. nóvember 2019.
15. Erindi seðlabankastjóra um hagstjórn í 100 ár á málþingi Seðlabankans og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands 21. nóvember 2019.
16. Erindi seðlabankastjóra um þróun bankakerfisins og horfur á fjármálamarkaði í dag á SFF-deginum í Hörpu 28. nóvember 2019.
17. Erindi aðstoðarseðlabankastjóra um mikilvægi trausta skipulags- og stjórnarháttanna í baráttunni gegn netárásum á árlegri ráðstefnu seðlabanka Norðurlandanna í Stokkhólmi 28. nóvember 2019.
18. Greinargerð um viðbrögð við hluta tillagna starfshóps um endurskoðun á ramma peningastefnunnar.
19. Yfirlýsing ríkisstjórnar og Seðlabanka um verðbólguþröskulmarkmið, mars 2001.

Fyrir hönd peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands,



Ásgeir Jónsson

seðlabankastjóri og formaður peningastefnunefndar

## Yfirlit yfir fylgiskjöl

|   | Bls. |
|---|------|
| Yfirlýsing peningastefnunefndar 28. ágúst 2019                                | 8    |
| Yfirlýsing peningastefnunefndar 2. október 2019                               | 9    |
| Yfirlýsing peningastefnunefndar 6. nóvember 2019                              | 10   |
| Yfirlýsing peningastefnunefndar 11. desember 2019                             | 11   |
| Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, ágúst 2019                | 12   |
| Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, október 2019              | 19   |
| Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, nóvember 2019             | 26   |
| Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, desember 2019             | 34   |
| Fjármálakreppan, aðgerðir stjórnvalda og endurreisn efnahagslífs á Íslandi    | 40   |
| Seðlabanki Íslands – Markmið, árangur og áskoranir                            | 53   |
| Þjóðarbúskapur við hagsveifluskil   | 68   |
| Nýr Seðlabanki - við hverju er að búast?                                      | 76   |
| Seðlabankinn og sjávarútvegurinn  | 81   |
| Breyting á gengisskráningu Seðlabankans                                       | 93   |
| Afmörkun viðskipta lánafyrirtækja við Seðlabanka Íslands                      | 94   |
| Markaðshorfur að hausti   | 95   |
| Breytingar á reglum nr. 877/2018 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár       | 106  |
| Peningamálafundur 2019 - Ótroðnar lágvaxtaslóðir                              | 107  |
| Hagstjórn og fátækt   | 120  |
| Vægur samdráttur og verðbólga við markmið – hvað hefur breyst?                | 125  |
| Hundrað ára hagstjórn – hvað höfum við lært                                   |      |
| og hvernig munum við standa okkur betur?                                      | 136  |
| Nokkur atriði um banka  | 153  |
| Mikilvægi traustra skipulags- og stjórnarháttanna í baráttunni gegn netárásun | 165  |
| Viðbrögð við hluta tillagna starfshóps um endurskoðun                         |      |
| á ramma peningastefnunnar   | 167  |
| Yfirlýsing um verðbólguþróun og breytta gengisstefnu                          | 177  |

## Yfirlýsing peningastefnunefndar 28. ágúst 2019

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánnum, verða því 3,5%.

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt er í ágústhefti *Peningamála* er gert ráð fyrir 0,2% samdrætti í ár sem er lítillega minni samdráttur en spáð var í maí. Stafar það einkum af þróttmeiri vexti einkaneyslu en framlag utanríkisviðskipta er einnig hagstæðara þar sem eftirspurn beinist í meira mæli að innlendri framleiðslu og vegur það upp á móti meiri samdrætti í ferðaþjónustu. Hagvaxtarhorfur fyrir næsta ár hafa hins vegar versnað þar sem útlit er fyrir að það taki ferðaþjónustuna lengri tíma að ná sér á strik eftir áföll ársins.

Verðbólga var 3,4% á öðrum fjórðungi ársins en minnkaði í 3,1% í júlí. Undirliggjandi verðbólga hefur þróast með áþekktum hætti. Horfur eru á að verðbólga hjaðni hraðar en spáð var í maí og að hún verði komin í markmið á fyrri hluta næsta árs. Gengi krónunnar hefur hækkað um liðlega 2% milli funda og gjaldeyrismarkaður verið í ágætu jafnvægi. Verðbólguvæntingar hafa lækkað í markmið frá síðasta fundi og taumhald peningastefnunnar því aukist lítillega.

Peningastefnan mun á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagssumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.

## Yfirlýsing peningastefnunefndar

2. október 2019

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánnum, verða því 3,25%.

Samkvæmt bráðabirgðatölum þjóðhagsreikninga hélt áfram að hægja á hagvexti á fyrri hluta þessa árs þótt hann hafi verið heldur meiri en gert var ráð fyrir í ágústhefti *Peningamála*. Meiri vöxtur skýrist einkum af hagstæðara framlagi utanríkisviðskipta þar sem eftirspurn beinist í meira mæli að innlendri framleiðslu og vegur það upp á móti samdrætti í útflutningi. Leiðandi vísbendingar benda til þess að áfram muni hægja á vexti efnahagssumsvifa en sjá má merki þess að þjóðarþúið sé mögulega að ná viðspyrnu.

Verðbólga mældist 3,1% á þriðja ársfjórðungi og hjaðnaði milli fjórðunga. Undirliggjandi verðbólga jókst hins vegar milli mánaða í september. Mæld verðbólga var lítillega minni en spáð var í ágúst og horfur eru á að hún hjaðni hraðar en gert var ráð fyrir. Gengi krónunnar hefur hækkað og verðbólguvæntingar lækkað frá síðasta fundi nefndarinnar. Taumhald peningastefnunnar hefur því aukist lítillega.

Nýleg þróun bendir til þess að efnahagssumsvif hafi verið þróttmeiri en gert hefur verið ráð fyrir. Hins vegar eru horfur framundan óvissar, sérstaklega í alþjóðlegum efnahagsmálum. Því gæti dregið hraðar úr innlendum hagvexti en nú er búist við.

Peningastefnan mun á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagssumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.

## Yfirlýsing peningastefnunefndar

6. nóvember 2019

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánnum, verða því 3%.

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt er í nóvemberhefti *Peningamála* hafa horfur um hagvöxt á seinni hluta ársins versnað frá því sem spáð var í ágúst. Hagvöxtur á fyrri hluta ársins var hins vegar meiri en spáð var og er því gert ráð fyrir 0,2% samdrætti á árinu öllu eins og í ágúst. Horfur fyrir næsta ár hafa einnig versnað og er nú spáð 1,6% hagvexti.

Verðbólga hefur verið um eða yfir 3% frá því í vor en í október mældist hún 2,8%. Undirliggjandi verðbólga hefur hins vegar verið þrálátari. Horfur eru á að verðbólga hjaðni hraðar en spáð var í ágúst og að hún verði komin í markmið undir lok þessa árs. Verðbólguvæntingar hafa haldið áfram að lækka og eru við markmið miðað við flesta mælikvarða. Taumhald peningastefnunnar hefur því aukist lítillega milli funda.

Vextir bankans hafa verið lækkaðir um 1,5 prósentur frá því í vor og eiga áhrif þess enn eftir að koma fram að fullu. Lækkun vaxta hefur stutt við eftirspurn og miðað við spá bankans ætti núverandi vaxtastig að duga til að tryggja verðstöðugleika til meðallangs tíma og fulla nýtingu framleiðsluþátta. Þá mun boðuð slökun í aðhaldi ríkisfjármála leggjast á sömu sveif. Efnahagshorfur gætu hins vegar verið of bjartsýnar, einkum vegna óvissu í alþjóðlegum efnahagsmálum.

Peningastefnan mun á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagsumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.

## Yfirlýsing peningastefnunefndar 11. desember 2019

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að halda vöxtum bankans óbreyttum. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánnum, verða því áfram 3%.

Samkvæmt nýlega birtum þjóðhagsreikningum var hagvöxtur 0,2% á fyrstu níu mánuðum ársins. Þetta er aðeins meiri vöxtur en Seðlabankinn gerði ráð fyrir í nóvember en í meginatriðum hefur efnahagsþróunin það sem af er ári verið í samræmi við nóvemberspá bankans.

Verðbólga mældist 2,7% í nóvember og hefur, eins og undirliggjandi verðbólga, hjaðnað milli mánaða. Verðbólguhorfur hafa lítið breyst frá síðasta fundi nefndarinnar og verðbólguvæntingar eru við markmið miðað við flesta mælikvarða. Taumhald peningastefnunnar hefur því lítið breyst milli funda.

Peningastefnan mun á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagsumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.



*Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands*

## Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Ágúst 2019 (86. fundur)

Birt: 11. september 2019

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við löggin hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Þar koma einnig fram upplýsingar um atkvæði einstakra nefndarmanna.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 26. og 27. ágúst 2019, en á honum ræddi nefndin efnahagspróunina, þróun á fjármálamörkuðum, vaxtaákvörðunina 28. ágúst og kynningu þeirrar ákvörðunar.

### I Þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um vaxtaákvörðunina ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlandan þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá vaxtaákvörðun nefndarinnar 26. júní 2019 og uppfærðri spá í *Peningamálum* 2019/3 hinn 28. ágúst.

### Fjármálamarkaðir

Frá fundi peningastefnunefndar í júní hækkaði gengi krónunnar um 2% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Á sama tímabili hækkaði það um 2% gagnvart evru og um 3,5% gagnvart bresku pundi en lækkaði um 0,5% gagnvart Bandaríkjadal. Á milli funda keypti Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 3 m. evra (0,4 ma.kr.) og nam hlutur Seðlabankans tæplega 2% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans hafði aukist lítillega frá því rétt eftir birtingu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í júní. Raunvextir bankans voru 0,6% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs og höfðu hækkað um 0,1 prósentu milli funda. Miðað við ársverðbólgu voru þeir einnig 0,6% og höfðu hækkað um 0,2 prósentur milli funda.



Vextir á millibankamarkaði með krónur lækkuðu í takt við vaxtalækkun Seðlabankans í júní en velta á markaðnum nam um 12 ma.kr. á tímabilinu.

Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hafði lækkað um 0,2 prósentur frá júnifundi nefndarinnar og krafa lengri verðtryggðra ríkis- og íbúðabréfa um 0,1 prósentu. Meðalvextir óverðtryggðra húsnæðislána höfðu lækkað með áþekkingu hætti en meðalvextir verðtryggðra húsnæðislána höfðu lækkað minna.

Vaxtamunur gagnvart útlöndum miðað við þriggja mánaða millibankavexti breyttist lítið milli funda. Hann var 4,7 prósentur gagnvart evrusvæðinu en 2,2 prósentur gagnvart Bandaríkjunum. Mismunur langtímavaxta jókst hins vegar lítillega og var 4,4 prósentur gagnvart Þýskalandi og 2,2 prósentur gagnvart Bandaríkjunum. Mælikvarðar á áhættuálag erlendra skuldbindinga ríkissjóðs breyttust einnig lítið. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum var 0,7% og vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldbréfum var 0,5-0,7 prósentur.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu allar þess að peningastefnunefnd myndi ákveða að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Helstu rök þeirra voru þau að þótt verðbólga og verðbólguvæntingar væru enn yfir markmiði hefði hvort tveggja hjaðnað auk þess sem gengi krónunnar hefði hækkað frá júnifundi nefndarinnar. Aðhald peningastefnunnar hefði því aukist samhliða því að líkur væru á meiri samdrætti en spáð var í maí.

Samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans á væntingum markaðsaðila sem framkvæmd var um miðjan ágúst bjuggust þeir við því að meginvextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur í 3,5% á þriðja ársfjórðungi þessa árs og um 0,25 prósentur til viðbótar fyrir lok þessa árs. Þá væntu þeir þess að vextir yrðu 3,25% eftir bæði eitt og tvö ár. Þetta eru lægri vextir en markaðsaðilar væntu í maíkönnuninni. Líkt og í síðustu könnun töldu þeir af hverjum fjórum svarendum að taumhald peningastefnunnar væri of þétt um þessar mundir en hlutfall þeirra sem töldu það vera alltof þétt var þó 20 prósentum lægra en í fyrri könnun. Um 22% svarenda töldu taumhaldið hæfilegt nú sem er svipað og í síðustu könnun bankans.

Ársvöxtur víðs peningamagns (M3) var rúmlega 8% á öðrum ársfjórðungi sé leiðrétt fyrir innlánnum fallinna fjármálafyrirtækja en hafði minnkað í um 6½% í júlí. Vöxturinn helgast sem fyrr að stærstum hluta af meiri innlánnum heimila. Leiðrétt fyrir áhrifum skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda má áætla að útlánastofn lánakerfisins til innlendra aðila hafi stækkað um tæp 9% milli ára á öðrum ársfjórðungi. Á sama tíma jukust útlán til heimila um tæp 8% milli ára og útlán til atvinnufyrirtækja um tæp 10%.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar, OMXI10, lækkaði um 3% á milli funda. Velta á aðalmarkaði nam 365 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er 23% meiri velta en á sama tímabili í fyrra.

### **Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti**

Samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem birt var í júlí sl. hafa horfur í heimsbúskapnum versnað frá aprílspá sjóðsins. Gert er ráð fyrir 3,2% hagvexti í heiminum í ár og 3,5% á því næsta sem er 0,1 prósentu minni hagvöxtur en spáð var í apríl. Minni hagvöxt í heiminum má rekja til verri horfa í nýmarkaðs- og þróunarríkjum, einkum í Brasilíu og Mexíkó. Sjóðurinn spáir hins vegar 0,1 prósentu meiri hagvexti í þróuðum ríkjum á þessu ári og að hann verði 1,9%. Það endurspeglar einkum meiri hagvöxt í Bandaríkjunum á fyrsta ársfjórðungi en gert hafði verið ráð fyrir í apríl. Sjóðurinn telur áfram meiri líkur á að heimshagvexti sé ofspáð fremur en vanspáð, m.a. vegna hættu á að alþjóðlegar viðskiptadeilur magnist enn frekar. Gerir hann ráð fyrir enn hægari vexti alþjóðaviðskipta á þessu ári og því næsta en hann gerði í apríl. Spáð er að

verðbólga meðal þróaðra ríkja verði 1,6% í ár sem er óbreytt frá aprílspánni. Horfur eru á 2% verðbólgu á næsta ári sem er lítillega minna en spáð var í vor.

Halli á vöruviðskiptum Íslands nam 67 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins á föstu gengi samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Á sama tíma í fyrra var 115 ma.kr. halli á föstu gengi. Minni halli nú skýrist af útflutningi á flugvélum í byrjun þessa árs en einnig hefur verðmæti innflutnings dregist saman um 8% það sem af er ári. Samdráttur innflutningsverðmætis án skipa og flugvéla hefur aukist eftir því sem liðið hefur á árið. Hefur það dregist saman um liðlega 12% undanfarna þrjá mánuði miðað við sama tíma í fyrra og fara þarf aftur til ársins 2009 til að finna meiri samdrátt á þennan mælikvarða. Munar mest um minna innflutningsverðmæti fólksbíla, eldsneytis og smurolíu en einnig dróst verðmæti hrávöru saman. Verðmæti útflutnings án skipa og flugvéla dróst saman um rúmlega 3% milli ára á fyrstu sjö mánuðum ársins, einkum á áli, en á móti jókst útflutningsverðmæti sjávarafurða um 1%.

Miðað við skráð heimsmarkaðsverð lækkaði álverð um tæplega 2% milli funda peningastefnunefndar og var 16,5% lægra en á sama tíma í fyrra. Bráðabirgðatölur Hagstofunnar benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi hækkað um rúmlega 6% milli ára á fyrri helmingi ársins. Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði um tæplega 9% milli funda peningastefnunefndar og var u.þ.b. 60 Bandaríkjadalir á tunnu rétt fyrir fund nefndarinnar. Það er 22% lægra verð en á sama tíma í fyrra.

Raugengi miðað við hlutfallslegt verðlag var nánast óbreytt milli mánaða í júlí og var þá 7% yfir meðaltali síðasta aldarfjórðungs en 16,5% undir því sem það fór hæst í júní 2017. Í júlí lækkaði raugengi á þennan mælikvarða um 10,6% frá fyrra ári og má rekja lækkunina til 11,8% lækkunar nafngengis krónu en verðbólga hér á landi var 1,4 prósentum meiri en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

### **Innlendur þjórðarbúskapur og verðbólga**

Samkvæmt Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) fjölgaði heildarvinnustundum um 2% á öðrum ársfjórðungi frá sama tíma í fyrra. Fjölgun heildarvinnustunda skýrist af 2,7% fjölgun starfa en á móti styttist meðalvinnuvikan um 0,7% frá fyrra ári. Þótt störfum hafi fjölgað milli ára fækkaði þeim um 0,2% milli ársfjórðunga að teknu tilliti til árstíðar. Viðsnúningur í fjölgun starfa sést enn skýrar í tölum úr staðgreiðsluskrá en samkvæmt þeim fækkaði störfum um 1% milli ára á fjórðungnum og um 0,9% milli fjórðunga. Samkvæmt VMK dróst atvinnuþátttaka einnig saman frá fyrri fjórðungi og hlutfall starfandi lækkaði þriðja fjórðunginn í röð. Árstíðarleiddrétt atvinnuleysi jókst um 0,7 prósentur milli fjórðunga og mældist 3,8% á öðrum ársfjórðungi.

Íbúum landsins fjölgaði um 2,1% milli ára á öðrum ársfjórðungi en þar af voru 1,6 prósentur vegna búferlaflutninga erlendra ríkisborgara. Heldur hefur hægt á fjölgun erlendra ríkisborgara undanfarna ársfjórðunga en fjölgunin á öðrum fjórðungi var áþekk því sem hún var síðla árs 2016. Á fyrstu sjö mánuðum ársins hægði á útgáfu nýrra tímabundinna atvinnuleyfa milli ára og fjöldi virkra starfsmanna starfsmannaleigna og erlendra þjónustufyrirtækja hefur haldist tiltölulega stöðugur frá áramótum.

Launavísitalan hækkaði um 2,1% milli fjórðunga á öðrum fjórðungi ársins og um 5,4% milli ára. Raunlaun voru 1,9% hærri á fjórðungnum en á sama tíma árið 2018.

Helstu vísbendingar um þróun einkaneyslu í upphafi þriðja ársfjórðungs gefa til kynna að hægt hafi á vexti hennar. Nýskráningum bifreiða fækkaði og aukning greiðslukortaveltu var fremur

hófleg. Væntingavísitala Gallup hækkaði lítillega milli mánaða í júlí og mældist 89,6 stig. Hún mældist þó enn talsvert lægri en á sama tíma fyrir ári.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok júlí, var óbreytt milli mánaða sé litið framhjá árstíðarsveiflu en hækkaði um 3,5% milli ára. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Þjóðskrá Íslands reiknar út, hækkaði um 0,2% milli mánaða í júlí að teknu tilliti til árstíðar en um 2,9% milli ára. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fækkaði um 10% á fyrstu sjö mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en kaupsamningum með nýbyggingar fækkaði um tæpt 21% á sama tímabili. Meðalsölutími á landinu öllu mældist því um 3,3 mánuðir á fyrstu sjö mánuðum ársins og hefur lengst um 0,4 mánuði frá sama tímabili í fyrra.

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,21% milli mánaða í júlí. Ársverðbólga mældist 3,1% og hafði hjaðnað um 0,5 prósentur frá júnifundi peningastefnunnendrar. Vísitala neysluverðs án húsnæðis hafði hækkað um 2,8% frá júlí í fyrra og munurinn á milli verðbólgu með og án húsnæðis haldið áfram að minnka undanfarna mánuði. Verðbólga er hins vegar minni á mælikvarða samræmdu neysluverðsvísitölunnar sem undanskilur einnig kostnað vegna eigin húsnæðis og hafði í júlí hækkað um 1,6% sl. tólf mánuði. Undirliggjandi verðbólga var 3,1% í júlí miðað við miðgildi ólíkra mælikvarða og hjaðnaði einnig milli funda.

Sumarútsölur höfðu mikil áhrif í júlí og voru áhrifin meiri en bæði á sama tíma í fyrra og í vetrarútsölum sl. janúar. Kostnaður vegna eigin húsnæðis hafði í júlí hækkað um 2,6% sl. tólf mánuði og hefur árshækkunin ekki verið minni síðan í byrjun sumars 2013.

Samkvæmt könnun Seðlabankans sem gerð var um miðjan ágúst lækka verðbólguvæntingar markaðsaðila milli kannana og búast þeir við því að verðbólga verði tæp 3% að ári liðnu og 2,5% eftir tvö ár. Þeir gera jafnframt ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 2,5% á næstu fimm árum sem er um 0,5 prósentum lægra en í ágústkönnuninni fyrir ári. Væntingar þeirra til tíu ára hafa einnig lækkað í verðbólgu markmiðið. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefur einnig lækkað lítillega frá júnifundi peningastefnunnendrar. Álagið til fimm og tíu ára hefur að meðaltali verið 2,9% það sem af er þriðja ársfjórðungi sem er 0,6-0,9 prósentum lægra en á sama tíma fyrir ári.

Samkvæmt uppfærðri spá sem birtist í *Peningamálum* 28. ágúst gerir betri upphafsstaða það að verkum að talið er að verðbólga verði minni það sem eftir lifir árs í samanburði við það sem gert var ráð fyrir í maí. Talið er að hún verði 3,2% á þriðja ársfjórðungi og minnki í 2,9% á síðasta fjórðungi ársins. Horfur fyrir næsta ár batna einnig, einkum vegna minni innfluttrar verðbólgu. Verðbólguvæntingar hafa einnig lækkað eftir að hafa hækkað í fyrra. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði komin í markmið á fyrri hluta næsta árs en líkt og spáð var í maí fer hún um tíma niður fyrir það á seinni hluta ársins. Samkvæmt spánni tekur hún síðan að þokast upp í markmið árið 2022.

Talið er að hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum Íslands verði 1,6% í ár sem er 0,1 prósentu minni vöxtur en gert var ráð fyrir í maí. Einnig er útlit fyrir lítillega minni hagvöxt á næstu tveimur árum. Hagstæð þróun sjávarafurðaverðs og lækkun olíuverðs gerðu það að verkum að viðskiptakjör bötnuðu um 1,7% milli fjórðunga á fyrsta fjórðungi ársins. Gert er ráð fyrir að viðskiptakjör standi nánast í stað í ár sem er svipað og spáð var í maí. Horfur fyrir næsta ár hafa hins vegar batnað en þar vega þyngst lægra olíuverð og minni hækkun almenns innflutningsverðs.

Gengi krónunnar lækkaði sl. haust í kjölfar fréttar af fjármögnunarvanda WOW Air og rýrnunar viðskiptakjara. Á fyrri hluta þessa árs hélst gengið tiltölulega stöðugt en frá síðari hluta júlímánaðar hefur gengið hækkað nokkuð en það var þó svipað á ágústfundinum og það var við útgáfu *Peningamála* í maí og enn um 10% lægra en á sama tíma í fyrra sé miðað við

viðskiptavegna gengisvísitölu. Gengisvísitalan hefur verið um 181 stig undanfarið og byggist grunnsþáin á þeirri forsendu að hún haldist nálægt því stigi það sem eftir lifir árs og út spátímam. Þetta er lítillega lægra gengi en gert var ráð fyrir í maí.

Hagvöxtur var 1,7% á fyrsta fjórðungi þessa árs og var hann í takt við maíspá bankans. Útlit er þó fyrir að landsframleiðslan dragist saman um 0,2% í ár sem er lítillega minni samdráttur en talið var í maí þrátt fyrir að nú sé útlit fyrir meiri fækkun ferðamanna til landsins og meiri útflutningssamdrátt. Skýrist það að hluta af því að undirliggjandi vöxtur einkaneyslu virðist þróttmeiri en ekki síður af því að neysluútgjöld beinast í meira mæli að innlendri framleiðslu eins og sést á miklum samdrætti innflutnings. Líkt og í maí er talið að þjóðarbúið taki við sér á ný á næsta ári og hagvöxtur verði 1,9%. Það er nokkru minni hagvöxtur en spáð var í maí sem má rekja til þess að nú eru horfur á að það taki ferðaþjónustuna lengri tíma að ná sér á strik eftir áföll ársins en þá var gert ráð fyrir. Spáð er að hagvöxtur aukist í 2,7% árið 2021 sem er svipað og í maíspánni.

Forsendur um launaþróun á spátímanum hafa lítið breyst frá því í maí. Horfur fyrir framleiðniþróun eru jafnframt lítið breyttar og því þróast launakostnaður á framleidda einingu eins og í maíspánni. Talið er að hann hækki um 6,8% í ár og um 4% á ári að meðaltali á næstu tveimur árum.

Störfum fækkaði á öðrum fjórðungi ársins og atvinnuleysi jókst nokkuð og hefur ekki verið meira frá árinu 2015. Hratt hefur því dregið úr þeirri spennu sem myndaðist í þjóðarbúinu eftir mikinn vöxt efnahagssumsvifa undanfarin ár. Talið er að framleiðsluspennan sé u.þ.b. horfin og að smávægilegur slaki myndist í lok þessa árs. Þegar kemur fram á næsta ár tekur atvinnuleysi að minnka á ný og slakinn hverfur undir lok ársins.

## II Vaxtaákvörðunin

Nefndarmenn ræddu taumhald peningastefnunnar í ljósi nýjustu upplýsinga um framvindu efnahagsmála. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en á fundinum í júní hafði nefndin ákveðið að lækka vexti í ljósi þess að vísbendingar væru um að samdráttur í þjóðarþjónustunum gæti orðið meiri og varað lengur en var talið í maí. Einnig hefðu verðbólguvæntingar lækkað milli funda nefndarinnar og taumhald peningastefnunnar því aukist á ný.

Nefndin ræddi efnahagsþróunina og horfur og tók í því sambandi mið af uppfærðri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birtist í *Peningamálum* 28. ágúst en samkvæmt henni væri gert ráð fyrir 0,2% samdrætti í ár sem væri lítillega minni samdráttur en spáð var í maí. Voru nefndarmenn sammála um að það stafaði einkum af þróttmeiri vexti einkaneyslu en framlag utanríkisviðskipta væri einnig hagstæðara. Fram kom í umræðunni að rekja mætti það til þess að eftirspurn beindist í meira mæli að innlendri framleiðslu og vegi það upp á móti meiri samdrætti í ferðaþjónustu. Nefndin tók mið af því að hagvaxtarhorfur fyrir næsta ár hefðu hins vegar versnað þar sem útlit væri fyrir að það tæki ferðaþjónustuna lengri tíma að ná sér á strik eftir áföll ársins. Alþjóðlegar hagvaxtarhorfur hefðu einnig versnað og óvissa og svartsýni aukist. Voru nefndarmenn þó sammála um að fyrra mat á efnahagshorfum hefði ekki breyst til muna og að þrátt fyrir þá efnahagsskelli sem þjóðarbúið varð fyrir á fyrri hluta ársins væru horfur á að aðlögunin yrði nokkuð hófleg að öðru óbreyttu.

Nefndarmenn ræddu verðbólguþróunina en verðbólga var 3,4% á öðrum fjórðungi ársins en minnkaði í 3,1% í júlí. Nefndin tók mið af því að undirliggjandi verðbólga hefði þróast með áþekkingu hætti. Horfur væru á að verðbólga hjaðni hraðar en spáð var í maí og yrði komin í

markmið á fyrri hluta næsta árs. Horfðu nefndarmenn einnig til þess að gengi krónunnar hefði hækkað um líðlega 2% milli funda og að gjaldeyrismarkaður hefði verið í ágætu jafnvægi. Lögð var áhersla á að verðbólguvæntingar hefðu lækkað í markmið frá síðasta fundi og taumhald peningastefnunnar því aukist lítillega. Nefndin ræddi þróun raunvaxta og hvaða raunvaxtastig væri ákjósanlegt á þessum stað í hagsveiflunni. Einnig var nokkur umræða um að dregið hefði úr umsvifum á fasteignamarkaði og útlánavexti að undanfögnu, bæði til heimila og atvinnufyrirtækja. Talið var að líklega mætti rekja það til minnkandi eftirspurnar en einnig til áhrifa lausafjárstöðu sumra viðskiptabanka sem þurfa að gæta að leyfilegum lausafjárhlutföllum.

Allir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar að rétt væri að lækka vexti bankans enn frekar. Fram kom í umræðunni að hagvaxtarhorfur væru mögulega ofmetnar, m.a. þar sem alþjóðlegur hagvöxtur gæti reynst minni en gert er ráð fyrir – ekki síst vegna vaxandi óvissu í alþjóðlegum efnahagsmálum. Einnig var bent á að það ætti eftir að koma í ljós hvernig fyrirtækjum í ferðaþjónustu myndi vegna í vetur. Fram kom í umræðunni að minni umsvif á fasteignamarkaði og samdráttur fjárfestingar og innflutnings þrátt fyrir aukinn kaupmátt launa gætu bent til þess að aðilar teldu að staða efnahagsmála væri lakari en hún væri í raun. Því væri rétt að lækka vexti bankans til þess að örva fjárfestingu og fasteignamarkaðinn ásamt því að draga úr svartsýni. Á móti var bent á að verðbólga væri enn yfir markmiði, innlendur verðbólguþrýstingur hefði aukist á nokkra mælikvarða, horfur væru á að launakostnaður á framleidda einingu myndi aukast um hátt í 7% á þessu ári og ekki væri búið að ljúka kjarasamningum opinberra starfsmanna. Því væri einnig mikilvægt að stíga varlega til jarðar.

Nefndarmenn voru sammála um að tekist hefði að veita langtímaverðbólguvæntingum traustari kjölfestu sem gerði það að verkum að svigrúm væri fyrir hendi til að mæta efnahagssamdrættinum með slökun á taumhaldi peningastefnunnar. Einnig var bent á að áhrif gengislækkunar krónunnar á verðlag hefðu verið tiltölulega hófleg og mætti líklega að einhverju leyti einnig rekja það til aukins trúverðugleika peningastefnunnar og betri kjölfestu verðbólguvæntinga.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánnum, yrðu 3,5%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 3,25%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 4,25% og daglánavextir 5,25%. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Að mati nefndarmanna myndi peningastefnan á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagsumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Áslaug Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnunefndarinnar verður birt miðvikudaginn 2. október 2019.



*Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands*

## Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Október 2019 (87. fundur)

Birt: 16. október 2019

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við löggin hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Þar koma einnig fram upplýsingar um atkvæði einstakra nefndarmanna.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 30. september og 1. október 2019, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, vaxtaákvörðunina 2. október og kynningu þeirrar ákvörðunar.

### I Þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um vaxtaákvörðunina ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlandan þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá vaxtaákvörðun nefndarinnar 28. ágúst 2019.

### Fjármálamarkaðir

Frá fundi peningastefnunefndar í ágúst hækkaði gengi krónunnar um 1,8% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Á sama tímabili hækkaði það um 2,5% gagnvart evru, um 0,3% gagnvart bresku pundi og um 0,6% gagnvart Bandaríkjadal. Á milli funda keypti Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 15 m. evra (2 ma.kr.) og nam hlutur Seðlabankans um 11% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans hafði aukist frá því rétt eftir birtingu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í ágúst. Raunvextir bankans voru 0,7% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs og höfðu hækkað um 0,3 prósentur milli funda. Miðað við ársverðbólgu voru þeir 0,5% og höfðu hækkað um 0,1 prósentu milli funda.

Vextir á millibankamarkaði með krónur lækkuðu í takt við vaxtalækkun Seðlabankans í ágúst en velta á markaðnum nam um 1 ma.kr. á tímabilinu.

Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hafði lækkað um 0,3 prósentur frá ágústfundi nefndarinnar og krafa lengri verðtryggðra ríkis- og íbúðabréfa um 0,1 prósentu. Meðalvextir óverðtryggðra húsnæðislána höfðu lækkað með áþekkingu hætti en meðalvextir verðtryggðra húsnæðislána höfðu lækkað minna.

Vaxtamunur gagnvart útlöndum miðað við þriggja mánaða millibankavexti hafði heldur minnkað milli funda. Hann var 4,6 prósentur gagnvart evrusvæðinu en 2,1 prósentu gagnvart Bandaríkjunum. Mismunur langtímavaxta minnkaði um 0,5 prósentur og var 3,9 prósentur gagnvart Þýskalandi og 1,7 prósentur gagnvart Bandaríkjunum. Mælikvarðar á áhættuálag erlendra skuldbindinga ríkissjóðs breyttust lítið milli funda. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum var 0,8% og vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldabréfum var 0,5-0,7 prósentur.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu þess ýmist að peningastefnunefnd myndi lækka vexti bankans um 0,25 prósentur eða halda þeim óbreyttum. Helstu rök þeirra fyrir lækkun vaxta voru þau að verðbólguvæntingar hefðu lækkað og gengi krónunnar hækkað á milli funda. Helstu rök fyrir óbreyttum vöxtum var óvissa um útkomu ólokinnar kjarasamninga opinberra starfsmanna auk þess sem ferðaþjónustan virtist koma betur undan sumri en óttast hafði verið.

Ársvöxtur víðs peningamagns (M3) var tæplega 5% í ágúst sé leiðrétt fyrir innlánnum fallinna fjármálafyrirtækja. Vöxturinn helgast sem fyrr að stærstum hluta af meiri innlánnum heimila. Leiðrétt fyrir áhrifum skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda má áætla að útlánastofn lánakerfisins til innlendra aðila hafi stækkað um 6½% milli ára í ágúst. Á sama tíma jukust útlán til heimila um 6½% milli ára og útlán til atvinnufyrirtækja um tæp 5%.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar, OMXI10, hækkaði um 4,3% milli funda nefndarinnar. Velta á aðalmarkaði nam 558 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins sem er tæplega 22% meiri velta en á sama tímabili í fyrra.

### **Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti**

Samkvæmt spá Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem birt var í nóvember, er gert ráð fyrir 2,9% hagvexti í heiminum bæði á þessu ári og því næsta. Það er svipað og stofnunin spáði í september en 0,3 og 0,5 prósentum minni vöxtur en hún gerði ráð fyrir í maí. Gangi spáin eftir yrði þetta minnsti heimshagvöxtur síðan í fjármálakreppunni. Minni hagvöxt í heiminum má bæði rekja til verri horfa í þróuðum ríkjum og nýmarkaðsríkjum en hægt hefur á hagvexti í nær öllum hagkerfum heimsins á þessu ári. OECD telur áfram meiri líkur á að heimshagvexti sé ofspáð fremur en vanspáð. Hagvöxtur gæti orðið minni m.a. ef alþjóðlegar viðskiptadeilur magnast enn frekar og ef Bretland gengur úr Evrópusambandinu án útgöngusamkomulags eða ef samningar nást ekki um framtíðarfyrirkomulag viðskipta þeirra á milli innan tímarammans sem tiltekinn er í útgöngusamkomulaginu. Heimshagkerfið gæti einnig vaxið hægar ef hagvöxtur í Kína minnkar meira og hraðar en gert er ráð fyrir í grunnspá OECD.

Halli á vöruviðskiptum Íslands nam 3,1 ma.kr. í nóvember samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands en á sama tíma í fyrra var 18,2 ma.kr. halli á föstu gengi. Hallinn var 96 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum þessa árs en var 176 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Minni halli nú skýrist að hluta af útflutningi á flugvélum í byrjun þessa árs en einnig hefur verðmæti innflutningsdregist saman um 10,4% það sem af er ári. Samdráttur innflutningsverðmætis án skipa og flugvéla jókst í nóvember. Hefur það dregist saman um 13,5% undanfarna þrjá mánuði miðað við sama tíma í fyrra. Munar mest um minna innflutningsverðmæti hrá- og rekstrarvöru auk eldsneytis og smurolíu en einnig dróst verðmæti fjárfestingarvöru saman. Verðmæti útflutnings stóð í stað milli ára á fyrstu níu mánuðum ársins. Án skipa og flugvéla dróst útflutningsverðmæti

saman um 4% milli ára, einkum á iðnaðarvörum, en útflutningsverðmæti sjávarafurða jókst um 2% á milli ára og landbúnaðarvara um 41%, einkum vegna fiskeldisafurða.

Miðað við skráð heimsmarkaðsverð lækkaði álverð um rúmlega 3,5% milli funda peningastefnunefndar og var rúmlega 10% lægra en í desember í fyrra. Bráðabirgðatölur Hagstofunnar benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi hækkað um 6,7% milli ára á fyrstu tíu mánuðum ársins. Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði um 2% frá nóvemberfundi peningastefnunefndar og var rúmlega 64 Bandaríkjadaliir á tunnu á desemberfundinum. Olíuverð var einnig rúmlega 7% hærra á desemberfundinum en á sama tíma í fyrra.

Raugengi miðað við hlutfallslegt verðlag hækkaði um 0,3% milli mánaða í nóvember og var þá 9,5% yfir meðaltali síðasta aldarfjórðungs en 14,4% undir því sem það fór hæst í júní 2017. Á fyrstu 11 mánuðum ársins var raugengi á þennan mælikvarða 7,5% lægra en á sama tímabili í fyrra og má rekja lækkunina til 8,7% lækkunar nafngengis krónu en verðbólga hér á landi var 1,5 prósentum meiri en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

### **Innlendur þjóðarbúskapur og verðbólga**

Samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofan birti í lok nóvember dróst landsframleiðslan saman um 0,1% milli ára á þriðja ársfjórðungi. Þjóðarútgjöld jukust um 3,2% en auk 2,5% aukningar neyslu og fjárfestingar var umtalsverð aukning í birgðabreytingum á fjórðungnum. Á móti vó að framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar var neikvætt um sem nemur 3,2 prósentum. Bæði út- og innflutningur drógust saman milli ára á tímabilinu en samdráttur útflutnings var nokkru meiri. Hagvöxtur var 0,2% á fyrstu þremur fjórðungum ársins. Neysla og fjárfesting minnkuðu um 0,4% milli ára á tímabilinu en vegna mikils samdráttar í birgðabreytingum á fyrri hluta ársins var samdráttur þjóðarútgjalda meiri eða 0,9%. Þrátt fyrir neikvætt framlag á þriðja ársfjórðungi var framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar jákvætt á fyrstu þremur fjórðungum ársins um sem nemur 1 prósentu.

Hagvöxtur á fyrstu þremur fjórðungum ársins var 0,3 prósentum meiri en spáð var í nóvemberhefti *Peningamála*. Töluverður vöxtur íbúðafjárfestingar það sem af er ári hefur komið á óvart en líklegt er að hann endurspegli tafir í skráningu nýbygginga frekar en svo mikinn vöxt í byggingastarfsemi. Þá var vöxtur einkaneyslu meiri og framlag birgðabreytinga hagstæðara en spáð var en á móti vó að framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar var minna en búist var við. Stærsta hluta fráviksins í spánni um framlag utanríkisviðskipta má þó rekja til þess að hluti þjónustuútflutnings tengdur útflutningstekjum af hugverkum, sem búist var við að félli til á þriðja ársfjórðungi, mun koma fram á fjórða fjórðungi.

Viðskiptajöfnuður var jákvæður um 63 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi. Það er minni afgangur en á sama fjórðungi í fyrra þegar hann var 74 ma.kr. Minni afgangur nú skýrist af minni afgangi af þjónustuviðskiptum en jöfnuður frumpáttatekna var meiri. Þrátt fyrir það mælist viðskiptaafgangurinn það sem af er ári 5,5% af landsframleiðslu sem er meiri afgangur en undanfarin tvö ár en lítilliga minni afgangur en að meðaltali frá fjármálakreppu. Hagstæðari vöruskipti og meiri afgangur á jöfnuði frumpáttatekna vega upp á móti minni afgangi á þjónustujöfnuði það sem af er ári.

Helstu vísbendingar um einkaneyslu í upphafi fjórða ársfjórðungs þróuðust með áþekkingu hætti og á undanförunum mánuðum. Greiðslukortavelta jókst hóflega og nýskráningar bifreiða drógust áfram saman þótt heldur drægi úr samdrættinum. Væntingavísitala Gallup mældist 95,7 stig í



nóvember sem var 8,8 stigum hærra en í mánuðinum á undan og hefur vísitalan hækkað um tæp 20 stig milli ára.

Fjárlög ársins 2020 voru samþykkt með halla upp á sem nemur 0,3% af landsframleiðslu en spá *Peningamála* gerir ráð fyrir að afkoman verði í jafnvægi á sama tíma. Niðurstaða fjárlaga er 0,5 prósentum innan þeirra marka sem fjármálastefnan 2018-2022 setur.

Samkvæmt niðurstöðum vetrarkönnunar Gallup sem framkvæmd var í desember meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins voru viðhorf fyrirtækja til núverandi efnahagsaðstæðna betri en bæði í haustkönnuninni og vetrarkönnuninni fyrir ári. Stjórnendur eru þó töluvert jákvæðari um horfurnar á næstu sex mánuðum en bæði sl. haust og veturinn 2018. Tæp 55% stjórnenda töldu núverandi aðstæður hvorki góðar né slæmar og um 31% taldi þær góðar. Horft til næstu sex mánaða töldu tæp 28% að aðstæður í efnahagslífinu batni og um 46% að þær verði hvorki betri né verri. Rúmlega fimmtungur fyrirtækja taldi að aðstæður verði verri eftir sex mánuði eða nokkru færri en í haust. Stjórnendur eru þó lítils háttar svartsýnni um þróun innlendrar eftirspurnar en í haustkönnuninni, einkum stjórnendur í byggingastarfsemi og samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu. Væntingar um erlenda eftirspurn bötundu lítillega frá því í haust, einkum meðal stjórnenda í fjármálaþjónustu og verslun.

Samkvæmt árstíðarleiðréttum niðurstöðum vetrarkönnunarinnar var munur á hlutfalli fyrirtækja sem vildu fjölga starfsfólki og þeirra sem vildu fækka því neikvæður um 11 prósentur. Stjórnendur voru því heldur svartsýnni en þeir voru í haustkönnuninni þegar munurinn var neikvæður um 7 prósentur. Horfurnar voru verstar í byggingastarfsemi þar sem útlit er fyrir töluverða fækkun starfa og þá gætti talsverðrar svartsýni á ný í samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu þar sem horfurnar eru áþekkar og í byggingastarfsemi. Aðeins er útlit fyrir fjölgun starfsfólks í ýmissi sérhæfðri þjónustu þar sem munurinn var jákvæður um 18 prósentur.

Sé leiðrétt fyrir árstíð töldu um 16% stjórnenda vera skort á starfsfólki sem er svipað hlutfall og í síðustu könnun. Skorturinn var áfram mestur í ýmissi sérhæfðri þjónustu þar sem 28% stjórnenda töldu sig búa við skort. Hins vegar var enginn skortur á starfsfólki í byggingastarfsemi og í fjármála- og tryggingastarfsemi. Þá var skorturinn við eða undir langtímameðaltali í öllum atvinnugreinum.

Hlutfall stjórnenda sem töldu fyrirtæki sitt eiga í vandræðum með að mæta óvæntri eftirspurn lækkaði lítillega milli kannana og var 36%. Nærri helmingur stjórnenda í sjávarútvegi og rúmlega tveir af hverjum fimm stjórnendum í ýmissi sérhæfðri þjónustu töldu fyrirtæki sitt í vanda með að mæta óvæntri eftirspurn. Í samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu, byggingastarfsemi og fjármála- og tryggingastarfsemi var áraun á framleiðsluþætti minnst þar sem hlutfallið var á bilinu 20-25%.

Launavísitalan hækkaði um 0,4% milli mánaða í október og um 4,2% milli ára. Raunlaun voru 1,3% hærra í mánuðinum en á sama tíma í fyrra.

Húsnæðisverðisvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok nóvember, hækkaði um 1% milli mánaða sé litið framhjá árstíðarsveiflu en um 4,8% milli ára. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Þjóðskrá Íslands reiknar út, hækkaði um 0,8% milli mánaða í október að teknu tilliti til árstíðar en um 3,6% milli ára. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fækkaði um 4,6% á fyrstu tíu mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en kaupsamningum um nýbyggingar fjölgaði um 5,2% á sama tímabili.

Vísitala neysliverðs hækkaði um 0,13% milli mánaða í nóvember. Ársverðbólga mældist 2,7% og hjaðnaði frá síðasta fundi peningastefnunnar. Vísitala neysliverðs án húsnæðis hafði hækkað um 2,4% frá nóvember í fyrra. Undirliggjandi verðbólga var 3,1% miðað við miðgildi

ólíkra mælikvarða og hjaðnaði milli mánaða. Lækkun flugfargjalda til útlanda hafði mest áhrif á þróun vísitölu neysluverðs í nóvember. Annan mánuðinn í röð hækkaði kostnaður vegna eigin húsnæðis nokkuð sem mátti einkum rekja til hækkunar húsnæðisverðs á landsbyggðinni.

Vaxtaþátturinn í reiknaðri húsaleigu hefur dregið úr verðbólgu að undanfögnu vegna lægri raunvaxtakostnaðar húsnæðislána í kjölfar lækkunar meginvaxta Seðlabankans. Ætla má að vegna þessa hafi ársverðbólga mælst um 0,3 prósentum minni en ella.

Samkvæmt vetrarkönnunum Gallup voru verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja til eins árs óbreyttar milli kannana í 2,5-3%. Væntingar heimila um verðbólgu til tveggja ára lækkuðu hins vegar og námu 3%. Langtímaverðbólguvæntingar fyrirtækja lækkuðu einnig lítillega og mældust 2,9%. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði til fimm og tíu ára var um 2,5% rétt fyrir fund nefndarinnar og hafði hækkað lítillega frá nóvemberfundinum. Álagið til tíu ára hefur verið að meðaltali 2,5% það sem af er fjórða ársfjórðungi sem er 1,6 prósentum lægra en á sama tíma í fyrra.

## II Vaxtaákvörðunin

Nefndin fjallaði um drög að breytingum á reglum um bindiskyldu og nýjum reglum um viðskipti í framhaldi af því að tillögur um afmörkun viðskipta við Seðlabanka Íslands og breytingar á reglum í því sambandi voru samþykktar á októberfundi nefndarinnar. Í kjölfar umræðu um drögin voru þau samþykkt af nefndinni.

Nefndarmenn ræddu taumhald peningastefnunnar í ljósi framvindu efnahagsmála og þess að raunvextir bankans höfðu lítið breyst frá nóvemberfundi nefndarinnar. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en á fundinum í nóvember hafði nefndin ákveðið að lækka vexti þar sem hagvaxtarhorfur höfðu heldur versnað og horfur voru á að verðbólga hjaðnaði hraðar en áður var spáð. Verðbólguvæntingar höfðu þá jafnframt haldið áfram að lækka og raunvextir bankans því hækkað lítillega.

Nefndin fjallaði um nýlega birta þjóðhagsreikninga en samkvæmt þeim var hagvöxtur 0,2% á fyrstu níu mánuðum ársins. Nefndarmenn tóku mið af því að þetta væri aðeins meiri vöxtur en Seðlabankinn gerði ráð fyrir í nóvember en voru sammála um að í meginatriðum hefði efnahagsþróunin það sem af er ári verið í samræmi við nóvemberspá bankans. Fram kom í umræðunni að hægt hefði á fækkun erlendra ferðamanna og væri þróunin undanfarið hagstæðari en búist hefði verið við.

Nefndarmenn ræddu verðbólguþróunina en verðbólga mældist 2,7% í nóvember og hafði, eins og undirliggjandi verðbólga, hjaðnað milli mánaða. Nefndin horfði til þess að verðbólguhorfur hefðu lítið breyst frá síðasta fundi nefndarinnar og verðbólguvæntingar væru við markmið miðað við flesta mælikvarða. Taumhald peningastefnunnar hefði því lítið breyst milli funda.

Nefndin ræddi hvernig vaxtalækkanir bankans frá því í vor hefðu miðlast út í vaxtakjör heimila og fyrirtækja en vextir bankans hafa verið lækkaðir um 1,5 prósentur og ættu áhrif þess á þjóðarþúið enn eftir að koma fram að fullu. Horft var til þess að vaxtakjör heimila hefðu lækkað í kjölfar lækkunar meginvaxta bankans og útlánvöxtur til heimila væri enn nokkur. Hins vegar kom fram í umræðunni að munur á vaxtakjörum nýrra útlána viðskiptabanka til fyrirtækja og meginvaxta hefði aukist að undanfögnu og að áfram hægði á hreinum nýjum útlánnum til fyrirtækja. Nefndin taldi þó viðbúið að hægði á vexti útlána til fyrirtækja í ljósi mikils vaxtar undanfarin ár og ef til vill væri vænt arðsemi af verkefnum fyrirtækja minni nú en áður í ljósi minnkandi eftirspurnar. Auk þess hefðu ýmsir þættir í rekstri fjármálastofnana áhrif á aðgengi að lánsfé þ.á m. endurmat þeirra á verðlagningu og áhættu útlána í kjölfar breytinga í

rekstrarumhverfi þeirra að undanfögnu. Nefndin var sammála um að rétt væri að fylgjast með þessari þróun á næstunni og þeim áhrifum sem hún gæti haft á mótun peningastefnunnar.

Nefndin taldi rétt að staldra við að þessu sinni og sjá hver áhrifin yrðu af þeim aðgerðum sem þegar hefði verið gripið til. Slakinn í þjóðarbúinu væri tiltölulega lítill samkvæmt grunnspá bankans í nóvember þótt hægt hafi mikið á hagvexti. Einnig þyrfti minni slökun peningastefnunnar en ella í ljósi slökunar á aðhaldi ríkisfjármála, auk þess sem vextir væru töluvert undir mati á hlutlausum raunvöxtum. Þótt undirliggjandi verðbólga hefði hjaðnað í nóvember væri hún enn nokkru yfir verðbólguþakmiðinu.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánnum, yrðu 3%, innlámsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 2,75%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 3,75% og daglánavextir 4,75%. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Að mati nefndarmanna myndi peningastefnan á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagssumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Áslaug Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnufundarinnar verður birt miðvikudaginn 5. febrúar 2020.

# Crisis, Policy Responses and Recovery in Iceland

Looking back and looking forward  
CBI conference



Már Guðmundsson, Governor  
Grand Hotel Reykjavík, 12 July 2019

## The autumn of 2008

- Iceland's three internationally active banks failed in the first week of October 2008 (almost 10 times GDP and 90% of the banking sector).
- Combined, this was the 3<sup>rd</sup> biggest corporate failure in the history of mankind.
- At that point, Iceland was already in a currency crisis and on its way into recession after an unsustainable boom during 2005-2007.
- Icelandic private sector was heavily indebted and there were big currency mismatches in domestic balance sheets.
- Many expected a very deep recession and even that the sovereign might default on its obligations.

## Two separate but interrelated stories


- Iceland's boom-bust cycle and problems with macroeconomic management in small, open, and financially integrated economies.
- The rise and fall of three cross-border banks operating on the basis of EU legislation (the European "passport").

## The immediate policy response


- Failing banks placed in resolution regimes and domestic banks carved out (1.7 times GDP).
- Focus on keeping payment intermediation working – deposit preference introduced.
- IMF programme three key goals: exchange rate stability, fiscal sustainability, and financial sector reconstruction.
- Comprehensive capital controls were a key element in the programme:
  - Stabilise the exchange rate.
  - Space to clean up balance sheets.
  - Space for domestic economic policies.

# Recession and recovery

## Real depreciation and rebalancing



**Investment, saving and current account balance 2004-2018<sup>1</sup>**



1. Current account balance and national saving based on estimated underlying current account balance in 2008-2015.  
Sources: Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.


## Deepest recession since around WWI and longest expansion since the end of WWII

- GDP contracted by 13% from Q1/2008 to Q1/2010.
- Unemployment peaked in Q4/2010 at just over 8% (post-war high)
- A relatively weak recovery began in Q2/2010 but gained strong momentum during 2015-2017 with record tourism and strong improvements in the terms of trade.
- Pre-crisis peak in GDP reached in 2015 and per capita in 2016.
- Total employment (man years) reached pre-crisis peak in 2014.

## Deep recession but full recovery with strong growth in export sectors




GDP growth, unemployment and real export revenue 2004-2018



Sources: Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.


# Iceland's GDP recession was relatively deep, but its employment recovery relatively strong

Post-crisis economic recoveries in output in selected countries<sup>1</sup>



1. Estimates for 2018 are based on IMF's WEO database.  
Sources: IMF, Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.

Post-crisis economic recoveries in employment in selected countries<sup>1</sup>



1. Estimates for 2018 are based on IMF's WEO database.  
Sources: IMF, Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.

## Economic and financial policies



## The IMF programme

- Approved in November 2008.
- Total financing 3.9 b € or 44% of GDP in 2008 (1.6 b € from IMF and 2.3 b € from Nordic countries and Poland).
- Interest rates: IMF: initial 3.3%. Nordic: initial 3.15% (2.75%+Euribor).
- Fully drawn but not used except to increase the level of reserves.
- Loan from the Faroe Islands amounting to 300 m DKK (40 m €). No conditionality.
- Ended in August 2011.
- Nordic loans repaid 2012-2014, IMF 2012-2015 and Polish loan in spring 2015.
- All main goals were reached – strong local ownership.

## Comprehensive capital controls on outflows


- Helped to stabilise the exchange rate after 50% fall in 2008.
- Big currency mismatches in domestic balance sheets.
- Direct foreign króna positions 40% of GDP.
- Created space for monetary policy, the domestic financing of the fiscal deficit and the cleaning up of domestic balance sheets.
- Mostly lifted 2015-17 without derailing economic and financial stability, without tapping the Central Bank's FX reserves excessively, and without discernible legal repercussions from the measures taken to lift the controls.

## Fiscal consolidation

- A medium term fiscal consolidation programme was a key element in the programme with the IMF.
- It worked well.
- Automatic stabilisers were allowed to work in the beginning as the fiscal deficit went to almost 10% of GDP in 2009.
- Fiscal consolidation then eliminated the deficit over 2010-2014 without derailing the economic recovery.
- Effort was big in international comparison.


## Fiscal consolidation and falling public debt

General government overall fiscal balance and gross debt 2008 - 2018<sup>1</sup>



1. Adjusted for stability contributions.  
Sources: IMF Fiscal Monitor, Central Bank of Iceland.

Fiscal consolidation: period and positive change in the cyclically adjusted primary balance of general government




Sources: IMF Fiscal Monitor October 2017 & 2018.

## Monetary policy

- Inflation fell to target as the exchange rate stabilised in 2009 and appreciated in 2010.
- Created scope to cut the policy rate.
- Monetary policy was successful in bringing inflation expectations down to target after 2012 and keeping inflation close for five years without employment costs.

Inflation peaked in 2009 but declined steadily after the exchange rate stabilised. Monetary policy succeeded in keeping inflation close to target in recent years.

Inflation and policy rate Q1/2004-Q1/2019 and latest




Sources: Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.


## Rebuilding the banking system

- The banking system primarily serves domestic households and business.
- 15% of the size of the pre-crisis banking system.
- Bank regulation has been greatly improved.
- Resilient with high capital adequacy ratios and sound liquidity position.

## Banking system now focuses mainly on domestic households and businesses and is much more resilient than before



Deposit institutions: capital, leverage and default ratios<sup>1</sup>




1. Domestic systemically important banks, consolidated figures. Average of ratios. 2. Capital base as % of risk-weighted assets. 3. IFRS Tier 1 leverage ratio. 4. Loans in default; i.e., loans past due by over 90 days (facility level).  
Sources: Deposit institutions' financial statements. Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.

## Where are we now?

## Where are we now?

- National income per capita 12% higher in 2018 than in 2007; we rank higher relative to other countries than before the crisis.
- Above full employment for the past three years – large importation of labour.
- Total employment (man years) was in 2018 11% above the pre-crisis peak.
- External assets exceed external liabilities by 21% of GDP (NIIP negative by 130% of GDP in 2008 excluding failed banks).
- Overall we have built strong resilience, have policy space and can face temporary setbacks.

# Increased resilience



1. Foreign reserves as % of GDP. 2. Total debt of households as % of GDP. 3. Total debt of businesses (debt and issued bonds) as % of GDP. Businesses excluding financial services firms (including holding companies). 4. Foreign-denominated debt or debt linked to foreign currencies as % of GDP. Businesses excluding financial services firms (including holding companies). Figures for 2008 are September figures for households and businesses but August figures for the government.  
Sources: Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.

## What explains this success?

## What explains the success?

- The nature of the shocks:
  - Bank losses shared across borders.
  - Downsizing of unsustainable sectors and unwinding of imbalances.
- The policy response:
  - Dealing with failed banks.
  - Programme with the IMF.
  - Solution to the balance of payments crisis and lifting capital controls.
  - Policy reforms and good monetary and fiscal policies compared to the past
- Real economic integration with trading partners – cross-border labour mobility.
- Luck:
  - Growth of tourism.
  - Big improvements in the terms of trade 2015-2017.


## Key lessons regarding capital flows and the exchange rate

## Key lessons regarding capital flows and the exchange rate

- The exchange rate can both be a shock amplifier and a shock absorber. There are policies that can affect the outcome.
- It is becoming more difficult to preserve monetary and financial stability in small, open and financially integrated economies.
- It requires sound regulation and supervision of FX risk and more policy tools: FX intervention, macroprudential and sometimes capital flow management.

## The capital flow problem in Iceland and the exchange rate

Capital flows, current account balance, and real exchange rate 1995-2018<sup>1</sup>



1. Capital flows excluding change in reserves. Gross capital flows is the average of gross capital inflows and outflows. Current account excluding the effect of failed financial institutions 2008-2015 and the pharmaceuticals company Actavis 2009-2012 on primary income. Also adjusted for the failed financial institutions' financial intermediation services indirectly measured (FISIM). Real exchange rate relative consumer prices (20-year average, 1998-2017).

Sources: Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.



# SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands

Markmið, árangur og áskoranir

Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður og Árborg  
12.-19. ágúst 2019

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri



## Markmið og verkefni

## Hvað er seðlabanki?

- Verkfæri ríkisvaldsins sem nýtur skilgreindra sérréttinda og notar sjóð til að eiga viðskipti við fjármálastofnanir og á fjármálamarkaði. Markmiðin, form tengsla við ríkisvaldið og aðferðirnar breytast í áranna rás.
- Banki bankanna og banki ríkisins.
- Nú á tímum er algengast að seðlabankar hafi verðstöðugleika og fjármálastöðugleika að markmiði

## Markmið Seðlabanka Íslands

### Verðlag

Seðlabanki Íslands skal stuðla að stöðugu verðlagi – heimild til að lýsa yfir tölulegu verðbólgu markmiði með samþykki ráðherra

### Fjármála- stöðugleiki

Seðlabanki Íslands skal stuðla að fjármálastöðugleika

### Stefna ríkis- stjórnar

Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn markmiðum bankans

## Önnur helstu verkefni Seðlabankans

- Varðveita gjaldeyrisvarasjóð
- Stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd
- Útgáfa seðla og myntar
- Bankþjónusta fyrir ríkissjóð og ráðgjöf við ríkisstjórn varðandi gjaldeyrisráðgjöf, erlendar lántökur og fleira
- Samskipti við alþjóðlegar stofnanir (t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðagreiðslubankann)
- Tölfræðiupplýsingar, rannsóknir og útgáfur

## Úrlausn fjármálakreppunnar og efnahagsleg endurreisn

- Endurreisn greiðslumiðlunar gagnvart útlöndum
- Efnahagsáætlun með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 2008-2011
- Framkvæmd og losun fjármagnshafta
- Endurheimtur krafna á fallin fjármálafyrirtæki: Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ)
- Endurreisn fjármálakerfisins á öruggari grunni

# Árangur við úrlausn kreppunnar

## Efnahagsáætlun með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum

- Í kjölfar bankahrunsins óskuðu íslensk stjórnvöld formlega eftir samstarfi við AGS – áætlun samþykkt í nóvember 2008.
- Samkomulag var gert á grundvelli efnahagsstefnu sem hafði þrjúþætt markmið.
  - Gengisstöðugleiki
  - Sjálfbær ríkisfjármál
  - Endurreisn fjármálakerfisins
- Fjármögnun í tengslum við áætlunina var mikil og nam 3,9 milljörðum evra eða um 44% af VLF 2008.
- Dregið var á lánin að fullu til að efla traust (fjármunum ekki ráðstafað í annað en að efla gjaldeyrisforða).
- Efnahagsáætluninni lauk 2011 og markmiðum var náð.
- Lánin voru endurgreidd fyrir gjalddaga á árunum 2012-2015.

## Fjármagnshöft

- Tókst að fá höftin til að virka eins og að var stefnt með breytingum á reglum haustið 2009, uppbyggingu gjaldeyriseftirlits og með því að setja bú föllnu bankanna undir þau á árinu 2012
- => skjól til endurreisnar og tiltektar í efnahagsreikningum banka, heimila og fyrirtækja
- Framkvæmd varðandi eftirlit og undanþágur gekk vel en vandamál komu upp varðandi rannsóknir (að hluta vegna annmarka við setningu laga og reglna)
- Greiðslujafnaðarvandinn:
  - Aflandskrónur: rúm 40% af landsframleiðslu
  - Óvarðar innlendar eignir slitabúa: nærri 50% af landsframleiðslu
  - Of stuttur greiðsluferill erlendra skulda aðila sem gátu þá illa endurfjármagnað (skuld nýja Landsbankans við þann gamla)
  - Upphlaðin þörf innlendra aðila fyrir erlendar eignir (lífeyrissjóðir)

## Losun fjármagnshafta


- Lækkun stöðu aflandskróna með gjaldeyrisútboðum og samningum 2010-2017 (Avens, útboð 2011-15, stórútboð með forða 2016 og viðskipti 2017)
- Eftir þessar aðgerðir var staðan komin niður í 7% af landsframleiðslu og hrein erlend skuldastaða lækkaði um 8% af landsframleiðslu vegna þeirra
- Uppgjör slitabúa á grundvelli nauðasamninga með stöðugleikaframlögum 2015: 16,5% af VLF bein framlög, lækkun erlendrar skuldastöðu: 13,5% af VLF
- => Hrein erlend skuld þjóðarbúsins lækkaði í heild um 22% af VLF vegna ofangreindra aðgerða
- Losun á innlenda aðila 2016-2017 (stóra skrefið í mars 2017)
- Fjármagnshöftin voru losuð án efnahagslegs og fjármálalegs óstöðugleika, án þess að nýta um of gjaldeyrisforða Seðlabankans og án teljandi lagalegra eftirmála vegna þeirra aðgerða sem gripið var til í því skyni að losa höftin – vakið athygli erlendis sem árangursrík aðgerð

## Endurheimta krafna á fallin fjármálafyrirtæki


- Bókfært verðmæti eigna sem fóru inn í ESÍ í upphafi var um 491 milljarður króna.
- Til viðbótar við þá fjármuni hefur ESÍ skilað um 161 milljarði króna til Seðlabankans og ríkissjóðs í formi vaxta, arðs og skattgreiðslna, þrátt fyrir að m.a. hafi þurft að afskrifa háar fjárhæðir vegna „Kaupþingslánsins“ svokallaða.
- ESÍ var slitið í upphafi árs 2019, ríflega 9 árum frá stofnun þess.

## Endurreisn bankakerfisins

Eignir innlánsstofnana 2007 og 2018



Innlánsstofnanir: eiginfjár- og vogunarhlutföll og vanskil<sup>1</sup>



1. Samstæður kerfislega mikilvægra banka. 2. Eiginfjárgrunnur sem hlutfall af áhættugrunni. 3. Skv. IFRS-stöðlum. 4. Útlán sem ekki hefur verið greitt af 190 daga eða lengur (lánaaðferð).

Heimildir: Ársreikningar innlánsstofnana, Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

# Árangur í efnahagsmálum

## Staðan fyrir 10 árum

- Í miðjum mesta efnahagssamdrætti frá fyrri heimsstyrjöldinni
- Landsframleiðsla dróst saman um 13% og náði botni á fyrsta ársfjórðungi 2010
- Atvinnuleysi var á uppleið og náði hámarki yfir 8% á fjórða ársfjórðungi 2010
- Verðbólga var 19% í janúar 2009 – 12% um mitt ár
- Stýrivextir 18% í janúar 2009 – 12% um mitt ár
- 10% halli á ríki og sveitarfélögum 2009
- Erlendar skuldir umfram eignir þjóðarbúsins 130% ef horft var í gegnum bú föllnu bankanna

## Staðan fyrir 10 árum - 2

- Gjaldeyrisforðinn var allur fenginn að láni erlendis
- Við vorum að forminu til með altæk fjármagnshöft en þau voru ekki að virka eins og stefnt var að
- Aflandskrónur rúm 40% og vandinn í búunum óþekktur
- Öll þrjú meginmarkmið áætlunar með AGS voru í óvissu eða uppnámi (gengisstöðugleiki, sjálfbær ríkisfjármál og endurreisn bankakerfisins)

## Hvar erum við nú?


- Þjóðartekjur á mann 2018 12% hærri en árið 2007 og við stöndum frammar meðal þjóða en fyrir kreppu
- Kaupmáttur launa 24% hærri
- Full atvinna og gott betur þrjú sl. ár
- Verðbólga hefur verið nálægt markmiði í bráðum sex ár – nú 3,1%
- Hið opinbera stendur sterkt
- Vextir lágir í sögulegu samhengi: meginvextir Seðlabankans 3,75% og vextir 10 ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa undir 4%



## Hvar erum við nú? 2

- Gjaldeyrisforði sem nemur um fjórðungi af landsframleiðslu er nær allur fjármagnaður innanlands
- Þjóðin á eignir umfram skuldir erlendis sem nema 21% af landsframleiðslu

## Stóraukinn viðnámsþróttur



1. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF. 2. Hrein erlend staða þjóðarþúsins sem % af VLF. 3. Gjaldeyrisforði sem % af VLF. 4. Frávik raungengis frá metnu jafnvægisraungengi.  
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Peningastefnan

## Endurbætur á peningastefnunni eftir fjármálakreppu (rit Seðlabankans 2010)

### Verðbólguþéttun plús

Sveigjanlegt  
verðbólguþéttun

Stýrt flotgengi

### Fleiri tæki

Gjaldeyrisingrip

Fjárstreymistöki


### Samspil við ríkisfjármál og varúðarstefnu

Fjármálaþreglur

Þjóðhagsvarúð


# Verðbólga náði hámarki 2009 en minnkaði samfelld eftir því sem gengi krónunnar náði jafnvægi. Peningastefnan hefur náð að halda verðbólgu nálægt markmiði nú í bráðum sex ár

Verðbólga og meginvextir Seðlabankans 1. ársfj. 2004 - 3. ársfj. 2019



# Fjármagnsflæði og gengi krónunnar

Fjármagnsflæði, viðskiptajöfnuður og raungengi 1995-2018<sup>1</sup>




1. Fjármagnsflæði utan breytinga á gjaldeyrisforða. Brúttó fjármagnsflæði er meðaltal heildarinnstreymis og heildarúttreymis fjármagns. Viðskiptajöfnuður án áhrifa fallinna fjármálafyrirtækja 2008-2015 og lyfjafyrirtækisins Actavis 2009-2012 á jöfnuð frumþáttatekna. Einnig hefur verið leiðrétt fyrir óbeint mældri fjármálaþjónustu (FISIM) fallinna fjármálafyrirtækja. Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag (20 ára meðaltal 1998-2017).

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## Vextir í sögulegu lágmarki


### Meginvextir Seðlabanka Íslands og nafnvextir á markaði<sup>1</sup>

1. ársfj. 2001 - 3. ársfj. 2019



- Meginvextir Seðlabankans
- Vextir óverðtryggðra skuldabréfa
- Vextir óverðtryggðra húsnæðislána viðskiptabanka með breytilegum vöxtum

### Raunvextir á löngum lánum 1990-2019<sup>2</sup>



- Verðtryggðir ríkisskuldabréfavextir
- Verðtryggðir vextir íbúðalána viðskiptabanka og sparisjóða
- Verðtryggðir vextir íbúðalána lífeyrissjóða

1. Gögn til og með 31. júlí 2019. Vextir skuldabréfa 5 ára vextir út frá metnum nafnvaxtaferli. Vextir húsnæðislána einfalt meðaltal lægstu útlánsvaxta þriggja stærstu viðskiptabankanna. 2. Ársmeðaltöl, gögn til og með 30. júlí 2019. 5. Verðtryggðir ríkisskuldabréfavextir eru samsettir úr gögnum um frumútbóð spariskirteina og ávöxtun íbúðabréfa og verðtryggðra ríkissbréfa. Vextir verðtryggðra íbúðalána viðskiptabanka og sparisjóða eru vextir Húsnæðisstofnunar/Íbúðalánasjóðs til og með júní 2004 en frá þeim tíma vegið meðaltal lægstu vaxta verðtryggðra íbúðalána hjá bönkum og sparisjóðum. Vextir lífeyrissjóða eru ársmeðaltöl lægstu vaxta.

Heimildir: Íbúðalánasjóður, Almenni lífeyrissjóðurinn, Arion banki, Festa lífeyrissjóður, Gilði lífeyrissjóður, Íslandsbanki, Landsbankinn, Lsj. verslunarmanna, LSR, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## Stöðugleiki fjármálakerfisins

## Endurbætur á sviði fjármálastöðugleika eftir fjármálakreppuna: skipulag og regluverk


- Varúðarstefna eftir fjármagnshöft (rit Seðlabankans 2012)
  - Fjármálafyrirtæki:
    - Hertar lausafjárreglur
    - Reglur um stöðuga fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum (takmarka skammtímafjármögnun erlendis)
    - Auknar eiginfjárkröfur
    - Takmarkanir á gjaldeyrisójafnvægi
  - Lántakendur:
    - Hámark veðsetningarhlutfalls
    - Heimild í lögum að takmarka gjaldeyrislán til óvarinna aðila
  - Fjármagnsflæði:
    - Fjárstreymistæki beitt til að stemma stigum við óstöðugu innflæði erlends fjármagns
- Umgjörð um fjármálastöðugleika bætt 2014. Kerfisáhættunefnd og fjármálastöðugleikaráð stofnað – tilmælavald um beitingu þjóðhagsvarúðartækja. Aðkoma Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins

## Traustara bankakerfi

| Ár                                     | 2007 | 2018 |
|--|------|------|
| Stærð bankakerfisins (% af VLF)        | 900  | 130  |
| Eiginfjárfrafa (%)                     | 8,0  | 20,4 |
| Eiginfjárhlutfall án víkjandi lána (%) | 6,8  | 21,8 |
| Vogunarhlutfall                        | 6,4  | 15,0 |
| Heimild: <i>Seðlabanki Íslands.</i>    |      |      |

# Áskoranir framtíðarinnar

## Skipulag, nefndir og tæki sameinaðs Seðlabanka



## Hagkvæm og örugg greiðslumiðlun

- Rafrænar greiðslulausnir hérlendis byggja flestar á innviðum erlendra kortakerfa ólíkt því sem víða þekkt og innlendar greiðslur fara í miklum mæli í gegnum útlönd – í þessu felst áhætta
- Mikilvægt að tryggja hagkvæmar varaleiðir í rafrænni smágreiðslumiðlun
  - Óháð og sjálfstæð innlend greiðslulausn sem byggir á innlánareikningum bankakerfisins gæti þjónað sem varaleið
  - Rafkróna, útgefin af Seðlabankanum sem myndi gegna sama hlutverki og seðlar og mynt, gæti einnig þjónað sem varaleið
- Greiðslumiðlun getur varðað þjóðaröryggi

## Samandregið

- Úrlausn fjármálakreppunnar er lokið með miklum árangri
- Tekist hefur að ná markmiðum peningastefnunnar og varðandi fjármálastöðugleika á undanförunum árum
- Með því að taka í notkun fleiri tæki hefur tekist að láta gengi krónunnar þróast til sveiflujöfnunar fremur en sveiflumögnunar eins og var raunin fyrir fjármálakreppuna
- Við erum betur í stakk búin til að takast á við efnahagsleg áföll en kannski nokkru sinni fyrr í sögu okkar

## Þjóðarbúskapur við hagsveifluskil



Fyrirlestur hjá Félagi atvinnurekenda  
4. september 2019


Þórarinn G. Pétursson  
Aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands



## Efnahagspróun og -horfur



Aukin óvissa og svartsýni í alþjóðlegum efnahagsmálum




Mikill samdráttur í flugi og ferðabjónustu




Hægir á hagvexti þótt hliðrun eftirspurnar vegi á móti



Störfum farið að fækka og atvinnuleysi hefur aukist



Verðbólga tekin að hjaðna eftir aukningu sl. haust




Horfur á lítilegum samdrætti í ár og hægfara bata á næsta ári




# Alþjóðlegur hagvöxtur gefur eftir og svartsýni eykst

- Áfram dregur úr alþjóðlegum hagvexti: var að meðaltali 2,2% í helstu viðskiptalöndum í fyrra en minnkaði í 1,6% á Q2/2019
- Vísendingar um að þessi þróun haldi áfram: framleiðsluvísitölur hafa víða gefið eftir og fyrirtæki verða æ svartsýnni ...
- ... á sama tíma og verulega dregur úr vexti alþjóðaviðskipta


Alþjóðlegur hagvöxtur<sup>1</sup>  
1. ársfj. 2010 - 2. ársfj. 2019



PMI-vísitala fyrir framleiðslu og þjónustu<sup>2</sup>  
Janúar 2014 - ágúst 2019



Væntingar fyrirtækja og alþjóðaviðskipti<sup>3</sup>  
Janúar 2013 - júlí 2019




1. Grunnspá Seðlabankans 2. ársfj. 2019 fyrir helstu viðskiptalönd. 2. Vísitala Markit fyrir framleiðslu og þjónustu (Composite Purchasing Managers' Index, PMI). Vísitalan er birt mánaðarlega og er árstíðarleiðrétt. Þegar gildi vísitölnunnar er yfir 50 táknar það vöxt milli mánaða en ef hún er undir 50 táknar það samdrátt. 3. Væntingavísitölur OECD fyrir fyrirtæki í framleiðslugreinum (e. OECD business confidence index, BCI). 4. Magnbreyting. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal.

Heimildir: CPB, OECD, Thomson Reuters, Seðlabanki Íslands.

# Viðskiptakjör batna á ný og ISK tiltölulega stöðug

- Viðskiptakjör tóku að rýrna er leið á 2017 eftir samfelldan bata frá 2013 ... rýrnuðu um 4½% sl. haust sem, ásamt áhyggjum af stöðu WOW Air, kjarasamningum og efnahagshorfum, urðu til þess að gengi ISK lækkaði nokkuð
- Viðskiptakjör bötnuðu hins vegar aftur á Q1 og viðskiptavegið gengi ISK hefur haldist tiltölulega stöðugt í kringum 181 stig

Viðskiptakjör og raungengi<sup>1</sup>  
1. ársfj. 2010 - 2. ársfj. 2019



Gengi krónunnar<sup>2</sup>  
2. jan. 2018 - 30. ágúst 2019



1. Raungengi m.v. hlutfallslegt verðlag. 2. Verð erlendrar gjaldmiðla í krónum.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Samdráttur í ferðapjónustu og útflutningi almennt

- Viðsnúningur í ferðapjónustu er leið á 2018 – m.a. vegna minnkandi umsvifa WOW Air og við fall þess varð snarpur samdráttur sem varð enn meiri fyrir vikið vegna MAX-potu vanda Icelandair ... ferðamönnum fækkaði en á móti vega aukin útgjöld á mann
- Við bætist samdráttur í öðrum útflutningi – sérstaklega sjávarafurða en sala flugvéla úr rekstri WOW Air vegur á móti


Vísbendingar um umsvif í ferðapjónustu<sup>1</sup>

1. ársfj. 2013 - 2. ársfj. 2019



Útflutningur og framlag undirliða<sup>2</sup>

1. árshluti 2015 - 1. árshluti 2019




1. Útflutt ferðalög eru á föstu verðlagi og kortavelta á hvern ferðmann (án farþegaflutninga og opinberra gjalda) staðvirk með vísitölu neysluverðs. Fjöldi ferðamanna út frá brottförum erlendra farþega um Keflavíkflugvöð. Leitarniðurstöður út frá þáttalkani sem tekur saman tíðni fimm ólíkra leitarniðurstæða sem tengjast ferðalögum til Íslands samkvæmt Google-leitarvélinni (árstíðarleiðrétt, tveggja ársfjórðunga hreyfanlegt meðaltal). 2. Áútflutningur skv. skilgreiningu þjóðhagsreikninga. Ferðapjónusta er samtala á „ferðalögum“ og „farþegaflutningum með flugi“. Vegna keðjutengingar getur verið að summa undirliðanna sé ekki jöfn heildarútflutningi. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/3. Heimildir: Ferðamálastofa, Google Trends, Hagstofa Íslands, Isavia, Rannsóknarsetur verslunarinnar, Seðlabanki Íslands.

# Tekið að hægja á hagvexti

- Hægja tók á hagvexti er leið á 2018 og á fyrri hluta þessa árs var hann kominn niður í 0,9%: hægði á vexti einkaneyslu, fjárfesting dróst saman og birgðir minnkuðu ... en á móti vógu hagstæð utanríkisviðskipti þrátt fyrir útflutningssamdrátt
- Þetta er heldur meiri hagvöxtur en sá 0,5% vöxtur sem gert var ráð fyrir í nýbirtri spá Seðlabankans


Hagvöxtur og framlag undirliða<sup>1</sup>

1. árshluti 2015 - 1. árshluti 2019



Innflutningur og framlag undirliða<sup>2</sup>

1. árshluti 2015 - 1. árshluti 2019




1. Vegna keðjutengingar getur verið að summa undirliðanna sé ekki jöfn hagvextinum. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/3. 2. Vegna keðjutengingar getur verið að summa undirliðanna sé ekki jöfn heildarinnflutningi. Brotalína sýnir spá frá PM 2019/3. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


# Störfum tekið að fækka og atvinnuleysi eykst

- Störfum fækkaði um 1% frá fyrra ári á Q2 skv. staðgreiðslugögnum – fyrsta skipti sem störfum fækkar frá 2010
- Atvinnuleysi hefur jafnframt aukist nokkuð: var 3,8% á Q2 (upp um 0,7 pr. milli fjórðunga) og hefur ekki verið hærra síðan 2015
- Hratt hefur dregið úr spennu undanfarið en vísbendingar eru um að þjóðarþúið sé mögulega nálægt botni hagsveiflu


Fjöldi starfandi fólks<sup>1</sup>  
1. ársfj. 2006 - 1. ársfj. 2019



Atvinnuleysi<sup>2</sup>  
1. ársfj. 2006 - 2. ársfj. 2019



NF-vísitalan<sup>3</sup>  
1. ársfj. 2006 - 2. ársfj. 2019




1. Fjöldi starfandi fólks skv. staðgreiðsluskrá byggist á gögnum um 16-74 ára einstaklinga sem höfðu einhverjar tekjur af vinnu sem gert er grein fyrir í uppgjöri ríkisskattstjóra um staðgreidda skatta, þ.á m. þeir sem voru í fæðingarorlofi frá vinnu og þeir sem eru með reiknað endurgjald. 2. Árstíðarleidiréttar tölur fyrir atvinnuleysi skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) og skráð atvinnuleysi skv. Vinnumálastofnun. Skráð atvinnuleysi árstíðarleidirétt af Seðlabankanum. 3. NF-vísitalan er fyrsti frumpáttur valinna vísbendinga um nýtingu framleiðslubáttá sem er skalaður til svo meðaltal hans er 0 og staðalfrávik 1. Ítarlegri lýsingu má finna í rammagrein 3 í PM 2018/2. Heimildir: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.


# Verðbólga tekin að hjaðna ...

- Verðbólga jókst fram eftir síðasta ári og náði hámarki í 3,7% í desember sl., var 3,3% á fyrri hluta ársins og 3,2% í ágúst
- Undirliggjandi verðbólga og verðbólga miðað við VNV án húsnæðis mælist svipuð ...
- ... en miðað við HICP er verðbólga nokkrum minni eða 1,6% (júlímæling)

Verðbólga á ýmsa mælikvarða  
Janúar 2013 - ágúst 2019




Mæld og undirliggjandi verðbólga<sup>1</sup>  
Janúar 2013 - ágúst 2019



1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvörulíða, bensins, opinberra þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfraðilegum mælikvörðum (vegð miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV). Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## ... og verðbólguvæntingar lækka að markmiði á ný

- Verðbólguvæntingar tóku að hækka nokkuð sl. haust en hafa lækkað undanfarið hjá öllum hópum og yfir allar tímalengdir
- Verðbólguvæntingar á markaði komnar í markmið á ný en væntingar heimila og fyrirtækja enn heldur yfir því




1. Talan fyrir verðbólguálag á 3. ársfj. 2019 er meðaltal daglegra gilda frá byrjun júlí til loka ágúst 2019. Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands.


## Efnahagshorfur samkvæmt spá PM 2019/3

- Gert er ráð fyrir 0,2% samdrætti í ár en hægjara bata frá næsta ári ... slaki myndast í lok árs en hann hverfur er líður á næsta ári
- Atvinnuleysi verður að meðaltali 3,7% í ár og eykst í 3,8% á næsta ári en tekur síðan smám saman að minnka á ný
- Verðbólga minnkar í 2,9% á Q4 og 3,1% að meðaltali á árinu öllu en fer síðan í markmið á fyrri hluta næsta árs


Hagvöxtur og framleiðsluspenna<sup>1</sup>



Atvinnuleysi<sup>1</sup>



Verðbólga<sup>1</sup>



1. Ljósliar súlur sýna grunnsþá Peningamála 2019/3 fyrir 2019-2021. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## Aukin óvissa og áhætta en meiri viðnámsþróttur



Efnahagshorfur hafa versnað mikið á skömmum tíma



Alþjóðleg óveðursský hafa hrannast upp



Viðnámsþróttur þjóðarbúsins er meiri nú en við hagsveifluskil 2007-8




Vextir hér og erlendis í sögulegu lágmarki


## Hagvaxtarhorfur hafa versnað og hættu á ofmati

- Hagvaxtarhorfur hafa versnað mikið á skömmum tíma – þar vega þýngst áhrif aukins vanda og minnkandi umsvifa WOW Air sem leiddu til endurskoðunar á febrúarspá bankans og síðan endanlegt fall þess sem breytti töluvert maíspá bankans
- Utanaðkomandi óvissuþættir – sérstaklega stigvaxandi viðskiptastríð og Brexit – benda til hættu á ofmati á hagvaxtarhorfum

Hagvaxtarspár Peningamála




Áhrif viðskiptastríðs og Brexit<sup>1</sup>



1. Áhrif alþjóðlegrar viðskiptadeilu milli Bandaríkjanna og annarra ríkja annars vegar og útgöngu Bretlands úr ESB sambandinu án samnings hins vegar á innlendir efnahagshorfur. Sjá nánar frávíksdæmi í Peningamálum 2018/4 og 2019/2.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


# Viðnámspróttur þjóðarbúsins meiri nú en áður




## Vextir í sögulegu lágmarki á Íslandi ...

- Vextir Seðlabankans hafa farið lækkandi eftir því sem betri tók hafa náðst á verðbólgu og verðbólguvæntingum – en bankinn hefur sýnt að hann er tilbúinn til að hækka þá aftur ef vísbendingar sjást um að kjölfesta verðbólgu markmiðsins sé að losna á ný
- Skammtíma- og langtíma vextir á Íslandi hafa smám saman farið lækkandi og eru nú í sögulegu lágmarki

Vextir og langtímaverðbólguvæntingar<sup>1</sup>  
1. ársfj. 2012 - 3. ársfj. 2019



Innlendir vextir frá 1995<sup>2</sup>  
Janúar 1995 - september 2019




1. Meginvextir Seðlabankans og 5 ára verðbólguvæntingar markaðsaðila og út frá verðbólguálagi á skuldabréfamarkaði. 2. 5 ára óverðtryggðir og verðtryggðir vextir ríkisskuldabréfa metnir út frá eingreiðsluferli ríkisskuldabréfavaxta. Septemберmeðaltöl eru nýjustu gildi vaxtanna.  
Heimild: Seðlabanki Íslands.

## ... og alþjóðlega

